

Garðabær 11. September 2018

Berist til: Bæjarstjórnar Garðabæjar

Erindi: Ósk um áheyrnafulltrúa.

Í ljósi þess að Miðflokkurinn náði því fimm prósentu marki sem þarf til að fá fjárframlög frá Garðabæ (samkvæmt lögum um fjármál stjórnmalaflokka) mun flokkurinn fá greiðslur í samræmi við atkvæðamagn til að halda úti starfsemi, einnig hefur sá háttur verið á að Garðabær hefur útvegað flokkum sem þess óska fundaraðstöðu og er það þakkarvert.

Miðflokkurinn náði rétt tæpum 7% í síðast liðnum sveitarstjórnar kosningum í Garðabæ. Í ljósi þess að lágmarki um fjárframlög var náð og stutt var í að ná inn manni óskar Miðflokkurinn eftir að í anda þess lýðræðis sem talað er fyrir í Garðabæ að þeir kjósendur sem kusu Miðflokkinn fái áheyrnafulltrúa í hluta þeirra 10 nefnda sem kosnar eru til fjögurra ára. Ef slíkt fyrirkomulag yrði samþykkt getur flokkurinn unnið málefnalega með kjörnum fulltrúum að auka veg bæjarins með því að sem breiðasti hópur íbúa hafi fulltrúa við borðið og geti þannig komið á framfæri hugmyndum með lýðræðislegum og skilvirkum hætti.

Lýðræðisstefna Garðabæjar sem var samþykkt árið 2010 af bæjarstjórn Garðabæjar sýnir vilja til að auka íbúalýðræði og hafa nú þegar verið stigin mörg góð framfaraskref í þeim málaflokki. Í stefnunni kemur meðal annars fram að bæjarstjórn Garðabæjar vilji leggja áherslu á lýðræðisleg gildi og starfs- hætti í sveitarfélaginu. Garðabær var brautryðjandi þegar það varð fyrsta sveitarfélag landsins til að setja sér lýðræðisstefnu og óskum við því eftir að bæjarstjórn Garðabæjar haldi áfram að vera brautryðjandi með því að taka það skref að samþykkja þessa ósk sem gæti verið tilraunaverkefni að kjósendur Garðabæjar sem kjósa flokka sem ná 5% markinu en ná ekki inn fulltrúa fái áheyrnafulltrúa í nefndum.

Með vinsemd,

F.h. Miðflokksins í Garðabæ

Sigrún Aspelund